

B **BOREAL**
SUPER TRUCK EXPLORERS
BABÚ SÚPER TRUKKUR





BOREAL

EXPEDITION TRUKKUR

Hérlendis kallast slökkvibílar “Babú” eftir tónunum úr loftlúðrunum. Þannig koma til nafngiftirnar á Boreal hústrukku- unum, Babú, Búba og Babí.

Þessi súper truckur er hin fullkomni ferðafélagi fyrir náttúruunnendur, ljósmyndara, vísindamenn, ævintýrafólk, norðurljósaunnendur og alla sem elska að ferðast í nánd við náttúruna.

Í trucknum sjálfum eru næg sæti til að sex manns geti ferðast í þægindum. Er þar meðtalinn bílstjórinn. Hægt er að breyta sætunum í þægilegt rúm með dýnu.

Þessi fyrrum slökkviliðsbíll hafði áður það hlutverk að bjarga lífum. Nú lífgar hann upp á ferðamáta þeirra sem vilja uppgötva náttúru Íslands.


Babú er fernra dyra Mercedes Benz 1222 AF árgerð 1984 og kemur frá slökkviliðinu í Buchloe í Þýskalandi 2017 og var þá ekinn um 30þ. km. Kassinn með dælubúnaði var tekinn af og gefinn slökkviliði úti á landi.

Framhús er 6 sæta, 4 sæti aftur í með 3ja punkta beltum, 2 sæti fram í með tveggja punkta beltum. Webasto diesel lofthitun og svefnmöguleiki fyrir eina til tvær manneskjur. Babú er fjórhjóladrifinn með læsanlegum sídrifs millikassa með lágu drifi. Gírkassi 5 gíra. Hásingar ólæstar eins og tíðkaðist í denn. Auðvelt að hleypa úr og pumpa í dekk. Afturás var færður tæpum meter aftar, sporvídd er því rúmlega 4,5m. Grindin lengd þar fyrir aftan til stuðnings fyrir hjólhýsið, sem var nýtt Adria Altea. Það situr á grindarramma og gúmmípúðum á bílgrindinni. Þannig helst fjöðrunareiginleiki bílgrindarinnar án þess að brjóta hjólhýsið.

Adria Altea 472 Pk árg. 2018 er með hjónarúm fyrir tvo fullorðna og kojur fyrir tvo minna fullorðna, auk þess hægt að breyta borði í bedda. Loft- og neysluvatnshitun er með sambyggðum “Webasto” gashitara auk sér gasofni fyrir lofthitun.


TILVALINN
FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG
VINAHÓPINN





AÐ DEGI TIL

Hústrukkurinn hefur að bjóða allan þann munað sem þú kannt að hafa vanist, með sturtu, salerni, heitu og köldu vatni, gas eldavél, ísskáp, upphitun, Bluetooth, USB og 220 tengjum. Það er eitt tvöfalt rúm og ein kjoja með svefnplássi fyrir tvo.




AÐ NÓTTU TIL

Einnig er hægt að breyta borðinu í bedda. Útbúinn öllu því sem þörf er á, þá býður hústrukkurinn upp á þægilega næturdvöl langt fjarri mannabyggðum, umlukin því fegursta sem landið hefur upp á að bjóða.



UPPGÖTVAÐU

HÍÐ EINSTAKA OG
FJÖLBREYTTA LANDSLAG



B

UPPLÝSINGAR

Rafmagn: 220 Volt, USB, WiFi

Dekk: 395/85R20 Good Year MTV

Hámarks þyngd: 12t

Þyngd ökutækis: 7.6t

Stærð: L: 8.6m, B: 2.58m, H: 3.6m

Hjólhýsi lengd (innanmál): 4.7m

Uppstig í framhús: Fyrsta ca. 65cm, næsta 105cm, þriðja 135cm

Leyfilegur hámarkshraði: 90km/h

Diesel: U.þ.b. 140 + 210 = 350 l

Neysluvatn: 50 + 100 l

WC: Kasettu klósett

Olíueyðsla: U.þ.b. 32 l á hundraði

Ökuskírteini: Lágmark flokkur C



NJÓTTU OG UPPGÖTVAÐU
HÁLENDIÐ Á NÝJAN MÁTA



ÆVINTÝRIÐ ÞITT
BÍÐUR

S: +354 864 64 89 | info@boreal.is | www.boreal.is